
Sæsifur h.f.

Mjóafirði



Grænt bókhald

Ársskýrsla

2004

Yfirlýsing stjórnar.

Stjórn Sæsilfurs h.f. lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu séu réttar og unnar eftir bestu vitund starfsmanna upp úr bókhaldsgögnum félagsins.

Akureyri, 2005

Finnbogi Jónsson
Stjórnarformaður


Jón Kjartan Jónsson
Frankvæmdastjóri

Björgólfur Jóhannson

Grænt bókhald fyrir árið 2004, almennar upplýsingar.

1. Starfsemi og staðsetning

Sæsifur h.f. (kt. 510200-3140) er fiskeldisstöð í Mjóafirði (Brekku, 715 Mjóafirði). Stöðin er sjókvíaeldisstöð og elur eingöngu lax í sjókvíum. Sæsifur h.f. tilheyrir fyrirtækjaflokki (6.10) Fyrsti laxinn fór í sjókvíar sumarið 2001 og því eru í fimmta sinn í sumar, 2005, sett út laxaseiði í sjókvíar í firðinum.



Mynd 1. Sæsifur h.f. Mjóafirði. (Staðsetningar kvíaþyrpinga sýndar m. rauðum punktum)

Þrjár staðsetningar kvíaþyrpinga eru í firðinum, Ekra, Rimi og Reykir. Seiðin eru sett á eina staðsetningu á hverju ári, (2001 Ekra, 2002 Rimi, 2003 Reykir). Árið 2004 voru seið sett út á Ekru og árið 2005 verða sett seiði út á Rima. Framkvæmdastjóri Sæsifurs h.f. er Jón Kjartan Jónsson og rekstrasstjóri Simin Pauli Sivertsen.

Staðsetning stöðvarinnar var valin á sínum tíma m.t.t. þess sem landbúnaðarráðherra hafði skilgreint sem eldissvæði frjórna laxa. Auk þess hefur Mjóifjörður upp á marga náttúrulega kosti að bjóða þegar horft er til fiskeldis í sjókvíum. Sterkir straumar, mikið dýpi og jafnt í firðinum. Lítið sem ekkert “landslag” er á botni fjarðarins. Lítil umferð báta og skipa er um fjörðinn nema þeirra sem beinlínis vinna við eldið. Hitastig sjávar er sveiflulítið þó í kaldara lagi sé. Þrátt fyrir kaldan sjó er mjög lítil hætta á undirkælingu $< 0^{\circ}\text{C}$. Lægsta hitastig sem mælt hefur í firðinum síðan eldið hófst var 1°C í nokkra daga í mars 2002.

Tafla 1. Hnit staðsetninga laxeldiskvía í Mjóafirði.

Staðsetning	GPS
Rimi	N $65^{\circ} 11' 953''$
	V $13^{\circ} 46' 967''$
Reykir	N $65^{\circ} 11' 755''$
	V $13^{\circ} 49' 499''$
Ekra	N $65^{\circ} 12' 211''$
	V $13^{\circ} 52' 216''$



Mynd 2. Staðsetningin Reykir í Mjóafirði.

2. Framleiðslumagn og fjöldi starfsmanna

Framleidd voru tæplega 3.230 tonn af matfiski á árinu 2004. Fóðurnotkunin var meiri en slátrunin segir til um þar sem verið er að byggja upp lífmassa í stöðinni sem slátrað verður síðar. Fjöldi starfsmanna er nokkuð breytilegur milli árstíða en reiknað er með 8-10 ársverkum.

3. Starfsleyfi

Starfsleyfi stöðvarinnar er gefið út af Hollustuvernd ríkisins þann 4. janúar 2001 og gildir til 31. ágúst 2007. Endurskoðun starfsleyfis fer fram samkvæmt IX. Kafla reglugerðar 785/1999.

4. Umhverfismarkmið

Umhverfismarkmið fyrirtækisins er að valda umhverfinu ekki óafturkræfum skaða með starfsemi sinni. Þar sem fyrirtækinu er nú gert að skila árlega skýrslu um grænt bókhald, mun það leitast við að sýna þar fram á með mæliniðurstöðum og fleiri skjölum, að reksturinn sé innan þeirra marka sem krafist er. Þar er átt við þætti eins og losun út í umhverfið, slyasleppingar á fiski eða hvert það atriði sem gæti haft óafturkræf áhrif á umhverfið. Á árinu 2003 var sett af stað endurbætt kerfi um innra eftirlit stöðvarinnar. Hluti af því miðar að eftirliti með umhverfispáttum

Fóður

5. Fóðrun

Öll fóðrun fer fram með sjálfvirkri fóðrun úr fóðurprömmum. Eldismaðurinn stjórnar fóðruninni úr fóðurprammanum. Til þess hefur hann myndavélar í öllum kvíum þar sem hann getur fylgst með fóðruninni og bætt við, hægt á eða stoppað fóðurgjöf eftir atvikum. Þessar myndavélar eru einnig mikið öryggistæki þar sem með hjálp þeirra getur auga fiskeldismannsins vakað yfir framleiðslunni á fiskinum og netpokunum á degi hverjum. Heildarnotkun á fóðri fyrir árið 2004 var 5610 tonn.

6. Fóðurgerð

Allt fóður kemur frá fóðurverksmiðjunni Laxá. Næringarefnainnihald Laxárfóðurs er í grófum dráttum á þessa leið:

Tafla 2. Næringarefnainnihald Laxár fóðurs.

Prótein	34 – 55 %
Fita	37 – 57 %
Kolvetni	5 - 17%

Tafla 3. Listi yfir notaðar fóðurtegundir.

Notaðar fóðurtegundir	
Vaxtarfóður LF 23 - 9,0	Vaxtarfóður LF35 - 12
Vaxtarfóður LF 30 - 12,0	Seiðafóður - 3
Vaxtarfóður LF 30 - 4,0	Viking Komplett - 4,0
Vaxtarfóður LF 30 - 6,0	Viking Komplett - 6,0
Vaxtarfóður LF 30 - 9,0	Viking Komplett - 9,0

Hráefni í Viking Komplett fóðrinu eru eftirfarandi:

Hágæða loðnu-/síldarmjöl (LT og NSM), loðnulýsi, maís, sojamjöl, hveiti, vítamín, steinefni, batain og litarefni. Litarefnin eru Astaxanthin og Cantaxanthin¹.

Vatnsnotkun og eftirlit.

7. Vatnsnotkun

Ekki er um að ræða neina vatnsnotkun vegna fiskeldisins umfram það sem eðlilegt gæti talist til þrifa á starfsmannaaðstöðu og til drykkjar. Eldisvökvinn er bara ferskur sjór en ekkert ferskvatn. Frárennsli frá salernum og annarri starfsmannaaðstöðu í fóðurprömmunum er veitt í sjóinn.

8. Eftirlit með kvíum og búnaði

Segja má að eftirlit með öllum kvíum sé í gangi á hverjum degi, þar sem starfsmaður í fóðurpramma notar myndavélarnar í kvíunum til að fylgjast með fóðrun og hegðun fisksins. Kafað er í allar kvíar 4 sinnum á ári og þær teknar út í svokölluðum rútínuskoðunum. Þess á milli er kafað í stakar kvíar eftir því sem þurfa þykir.

¹ Nánast það sama í Vaxtarfóðri.

9. Umhverfismælingar og eftirlit

Straummælingar hafa verið stundaðar með hléum frá því áður en stöðin tók til starfa. Val endanlegra staðsetninga kvíaþyrpinganna hefur að hluta til byggst á niðurstöðum þessara mælinga. Ljóst má vera af þeim mælingum sem gerðar hafa verið að lítil sem engin hætta er á straumstillu og súrefnisskortu í eldisvökva. Í hæstu mældu toppum hefur straumur farið upp undir 50 cm/sek. Það er þó mjög sjaldgæft. Meðalstraumhraði staðsetninganna er á bilinu 4-9 cm/sek., en það er þó breytilegt eftir árstíðum.

Sjósýnatökur hafa verið framkvæmdar í Mjóafirði við eldiskvíar. Ljóst er að þær mælingar sem kveðið er á um í starfsleyfi eru einungis álögur á fyrirtækið og skila ekki neinum marktækum niðurstöðum en eru engu að síður mjög dýrar. Í mati á umhverfisáhrifum vegna 6000 tonn laxeldisstöðvar í Reyðarfirði, segir í kafla þrjú á bls. 75. (Dr. Guðjón Atli Auðunsson, Reyðarlax allt að 6000 tonna laxeldisstöð í Reyðarfirði, Mat á umhverfisáhrifum.)

“Tafla 10 gefur til kynna að styrkur næringarefna verður aldrei hár og þó svo að straumurinn verði þrefalt minni og losun tímabundið þrefalt meiri, þá eru þessi gildi fyrir fosfór og nitur lægri en jafnvel sumargildi næringarefnanna í firðinum og á það einnig við um COD þegar þetta mat er borið saman við agnabundið kolefni í september og nóvember 2001. Hér er að auki reiknað með heildarstyrk efnanna en stærsti hluti næringarefnanna er á formi fódurs og sauragna, sem falla tiltölulega hratt til botns. Þessi gildi eru vitaskuld meira en þúsundfalt lægri en reglugerð um fráveitur og skólp (Nr. 798/29. október 1999) gerir ráð fyrir eftir tveggja þrepa hreinsun, þ.e. stöðvarnar eru í magni líkar losun frá 35 þúsund manna þéttbýli (að undanskildum iðraörverum manna þó og laust við mörg mengunarefni sem frá mannabyggð kemur) og losað 400-500 m frá landi í tiltölulega sterkan straum, sem á nokkrum sekúndum fer með styrkinn niður fyrir náttúrlegan styrk umhverfisins.”

Á þessu faglega álitu sést að vart er ástæða til að halda þessum mælingum áfram.

Botnsýnatökur

Fylgst hefur verið með uppsöfnun lífrænna leifa á botni undir kvíunum með botnsýnatökum í gegnum tíðina. Sýnin hafa verið tekin með botngreip (Van Ween og Shipek) og með kjarnataka (Kajak).

Vorið 2003 voru tekin botnsýni (Shipek-greip) vegna vöktunar á umhverfi fiskeldiskvía í Mjóafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, undir stjórn Þorleifs Eiríkssonar, aðstoðaði við skipulagningu verksins og sá um greiningu sýna. Björgvin Harri Bjarnason sjávarútvegsfræðingur sá um söfnun sýnanna. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvort að breyting hefði orðið á botndýralífi vegna fiskeldisins. Tekin voru sýni á 6 stöðvum í firðinum, bæði við kvíarnar á áhrifasvæðum (Rimi) og á viðmiðunarsvæðum. Stöðvarnar voru dreifðar um fjörðinn. Niðurlagsorð í skýrslu Náttúrustofu Vestfjarða voru á þessa leið:

“Fjölbreytileikastuðullinn er lægri en í frumathuguninni 2001. Einnig er hann lægri en í botndýraathuguninni í Reyðarfirði (Þorleifur o.fl. 2003). Ástæðan getur verið að dýrin voru mjög smá og því var greint í færri tegundir en 2001. Algengustu tegundirnar eru þó þær sömu og 2001 og þær sem voru algengastar í Reyðarfirði. Það er ljóst að uppsöfnun fóður- og úrgangisleifa er nokkur við fiskeldiskvíar. Uppsöfnun fer þó eftir umhverfisþáttum, straumum og botnlögum, og eru stöðvarnar 5 og Rimi dæmi um hvernig þessir umhverfisþættir spila inn í botndýralífið. Við Rima var efsta botnlagið líflaust eftir u.þ.b. ár en litlar sem engar breytingar urðu vð stöð 5. Fróðlegt verður að fylgjast með hversu fljótt botndýrasamfélög byggjast upp á

röskuðum svæðum þegar þau eru hvíld og mikilvægt til að skipuleggja notkun á einstökum svæðum.”

Þann 29. desember 2003 voru aftur tekinn botnsýni (Shipek-greip) þar sem átti að rannsaka efnasamsetningu setsins og bera saman samsetninguna á áhrifasvæðum (Rimi) og viðmiðunarsvæðum. Þessi rannsókn var unnin sem lokaverkefni af nemanda í Sjávarútvegsskóla Sameinuðu þjóðanna. Dr. Guðjón A. Auðunsson var leiðbeinandi verksins. Þegar botnsýnin voru tekin var hámarkslífmassa á staðsetningunni náð og mesta fóðrunin búin, þ.e. fóðrunin náði hámarki um haustið 2003. Hér er því um að ræða sýnatöku á mesta álagstíma staðsetningarinnar. Í stuttu máli kom þessi rannsókn vel út og áhrifa á botninn gætti ekki eins mikið og margir bjuggust við t.d. miðað við rannsóknina frá vormánuðum sem vitnað til er hér að ofan. Niðurstaða þessarar rannsóknar bendir til þess að þeir sterku sjávarstraumar sem myndast á haustin, svokallaðir eðlisþyngdarstraumar, blandi upp sjóinn og streymi af miklum krafti inn og út úr Mjóafirði, hreinsi vel undan kvíunum og lagi ástand botnsins til muna, en engin lykt fannst t.d. af þeim sýnum sem tekin voru í desember. Ef vitnað er beint í hluta af umræðu og niðurstöðu kafla rannsóknarinnar má sjá að ástand botns undir fiskeldiskvíum í Mjóafirði, eftir 18 mánuði í eldi, er nokkuð gott.

“In summary, the results show the Atlantic salmon cage farming in Mjóifjörður has affected the chemistry of the sediment close to the farm. However, the magnitude of the impact is low. It might be due to the moderate current velocity and high depth of the fjord, which provide a suitable condition for leaching and decomposition of organic material during the sinking period and flushing out of the deposited waste from the fjord as well.”

Fyrirtækið mun fylgjast áfram með botninum undir og við kvíarnar á hverju ári í meira mæli en krafist er af eftirlitsaðilum. Stjórnendur fyrirtækisins telja að eftirlit með botni við kvíarnar sé mjög mikilvægt öryggisatriði fyrir eldið og umhverfið og veiti starfsmönnum í fóðurpramma ákveðið aðhald með vandvirkni í fóðrun.

10. Meðferð dauðfisks

Allur dauður fiskur fellur niður í svokallaðan dauðfiskaháf sem er á botni allra kvía. Hægt er að fylgjast með því í myndavélunum hvernig ástatt er um þessa poka, þ.e. hvort eitthvað af fiski er komið í pokann eða ekki. Að öllu jöfnu er vitjað um pokana þrisvar í viku og þeir tæmdir. Dauðfiskurinn fer því næst í land í körum og er hann urðaður á viðurkenndum urðunarstað Mjóafjarðarhrepps.

Orkunotkun

11. Olíunotkun og frágangur tanka

Hráolíunotkun á árinu var um 217.867 lítrar og er bundin við vélar í fóðurprömmum, báta og tæki fyrirtækisins. Engir olíubirgðatankar eru á vegum Sæsilfurs í Mjóafirði. Heildar notkun á eldsneyti og olíuvörum er sýnd í töflu 4.

Tafla 4. Eldsneytis notkun Sæsilfurs árið 2004

Gasolía	217.867 ltr.
Diesel	54.155 ltr.
Bensín	9.071 ltr.
Olía	288 ltr.
Frostlögur	52 ltr.
Olíuhreinsir	48 ltr.
Ísvari	24 ltr.
Gírolía	10 ltr.

12. Frágangur hættulegra efna

Öll úrgangsolía er losuð í um 800 ltr. tank sem er þjónustaður af Olíufélaginu Esso. Þar er um að ræða smurólú, glussa og fleira af vinnuvélum og bátum Sæsilfurs.

13. Raforkunotkun

Stöðin framleiðir sína raforku sjálf í fóðurprömmum (Reykir, Rimi) með ljósavélum. Sjá olíunotkun.

Tvær ljósavélar eru í hvorum pramma og eru þær keyrðar á 70-80 kw, hver í u.þ.b. 10 klst. á dag. Fræðilega er rafmagnsframleiðslan á ári því 1.168 MW. Ekki liggja fyrir nákvæmar mælingar á raforkuframleiðslunni.

Sóttþreinsiefni og lyf

14. Sóttþreinsiefni

Virkon² (VISTOR), notað til að sóttþreinsa áhöld, tæki og báta Notuð voru 2,5 kg á árinu 2004.

2.	<u>Samsetning / upplýsingar um innihald.</u>																				
Samsetning	Blanda af ólífrænum peroxygen efnasamböndum, ólífrænum söltum, lífrænum sýrum, anjónískum þvottaefnum, ilmefni og litarefni.																				
	<table border="1"><thead><tr><th>Heiti</th><th>Styrkur í %</th><th>Flokkun</th><th>CAS</th><th>Útsetning[□]</th></tr></thead><tbody><tr><td>Kalíum- peroxó- einsúlfat</td><td>50</td><td>C H 34</td><td>70693-62-8</td><td>5 mg/m³ 8 klst. TWA[□] (innandanlegt duft - ráðleggingar framleiðanda.</td></tr><tr><td>Súlfamín- sýra</td><td>5</td><td>Xi H 36/38</td><td>5329-14-6</td><td></td></tr><tr><td>Natríum- alkýl- bensen- súlfónat</td><td>15</td><td>Xn H 22 Xi H 36/38</td><td>25155-30-0</td><td></td></tr></tbody></table>	Heiti	Styrkur í %	Flokkun	CAS	Útsetning [□]	Kalíum- peroxó- einsúlfat	50	C H 34	70693-62-8	5 mg/m ³ 8 klst. TWA [□] (innandanlegt duft - ráðleggingar framleiðanda.	Súlfamín- sýra	5	Xi H 36/38	5329-14-6		Natríum- alkýl- bensen- súlfónat	15	Xn H 22 Xi H 36/38	25155-30-0	
Heiti	Styrkur í %	Flokkun	CAS	Útsetning [□]																	
Kalíum- peroxó- einsúlfat	50	C H 34	70693-62-8	5 mg/m ³ 8 klst. TWA [□] (innandanlegt duft - ráðleggingar framleiðanda.																	
Súlfamín- sýra	5	Xi H 36/38	5329-14-6																		
Natríum- alkýl- bensen- súlfónat	15	Xn H 22 Xi H 36/38	25155-30-0																		

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun vörunnar.

Löggjöf Varan er merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.



H-setningar	H 38	Ertir húð.
	H 41	Hætta á alvarlegum augnskaða
V-setningar	V 2	Geymist þar sem börn ná ekki til.
	V 22	Varist innöndun ryks.
	V 24/25	Varist snertingu við húð og augu.
	V 26	Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

² Tekið úr öryggisupplýsingum frá birgja, VISTOR.

Barri 15³ notað til að sótthreinsa kör og áhöld. Notaðir voru 2 L á árinu 2004.

2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Innihald (m.a.):	Efni	CAS-nr.	Varnaðarmerki	H-setni.	Styrkur
	N,N-Dídekýl-N,N-dímetyllammóníumklóríð	7173-51-5	C,N	22-34-50	1,5%
	Nátríumhýdroxíð	1310-73-2	C	22-34-50	<5%
	2-Própanól	67-63-0	F,Xi	11-36-67	<5%

Varnaðarmerki: Ekkert.

Hættusetningar: Engar.

Varnaðarsetningar: 2-26-37/39

12. HÆTTUR GAGNVART UMHVERFINU

Almennt:	N,N-Dídekýl-N,N-dímetyllammóníumklóríð flokkast sem hættulegt umhverfinu (varnaðarmerki "N").
Lífniðurbrot:	Samkvæmt niðurstöðum rannsóknna á hræfnunum sem notuð eru í vöruna uppfylla þau þær kröfur sem gerðar eru um fyrsta stigs lífniðurbrot.
Eituráhrif í vatni:	N,N-Dídekýl-N,N-dímetyllammóníumklóríð er mjög eltrað vatnalíverum.
Þrávirkni:	EKKI er talið að hræfnin sem notuð eru í vöruna safnist fyrir í fæðukeðjunni þar sem að þau brotna öll niður og eru auk þess vatnsleysanleg.

Brútus⁴ notað til að sótthreinsa kör og áhöld. Notaðir voru 5 L á árinu 2004.

2. SAMSETNING / UPPLÝSINGAR UM INNIHALD

Inniheldur engin efnasambönd er gefa þarf upp skv. Reglugerð 498/1996.

Varnaðarmerki: Ekkert

Hættusetningar: Engar

Varnaðarsetningar: 2

3. VARÚÐARUPPLÝSINGAR

Varan telst ekki varasöm skv. merkinaeðluæð.

Hættuleg niðurbrots-
efni: Engin þekkt og engin við tilætlaða notkun.

³ Upplýsingar teknar úr öryggisleiðbeiningum frá Mjöll Frigg.

⁴ Upplýsingar teknar úr öryggisleiðbeiningum frá Mjöll Frigg.

15. Lyf (Magn, gerð)

Engin lyf voru notuð í Mjóafirði á árinu 2004⁵.

16. Vottun mengunarvarna

Ekki eru neinar mengunarvarnir í stöðinni enda allar kvíar í sjó. Gott eftirlit er með fóðrun og dauðfiski auk annarra góðra starfshátta má kannski skilgreina sem mengunarvarnir stöðvarinnar.

17. Vargfugl og önnur dýr

Vargfugl sækir mikið í sjókvíarnar til að reyna að ná fóðrinu þegar því er dreift í kvíarnar. Gerðar hafa verið ýmsar tilraunir við að bægja honum frá kvíunum. Fuglanet eru strengd yfir kvíarnar hjá smáfiskinum þar sem fuglinn getur farið í hann og Færeyskir fuglaþræðir voru settir upp á síðasta ári og hafa virkað einna best. Skarfur lætur sjá sig stöku sinnum og er honum bægt í burtu eftir bestu getu með hvell byssum

18. Úttekt veiðimálastjóra

Einsog sést á niðurstöðum sem lesa má út á mynd 3. það fékk Sæsilfur bestu einkunn í úttekt Veiðimálastóra árið 2004.

⁵ Upplýsingar fengnar hjá Gísla Jónssyni Dýralækni fiskisjúkdóma

Eftirlit með fiskeldisstöðvum				
Nafn fyrirtakis:		Staðsetning eldisstöðvar:		Rekstrarleyfisnúmer:
Sæsilfur hf.		Mjólfjörður		0 - An aðugasemda 1 - Lagfæra 2 - Lagfæra - frestur til 3 - Lagfæra strax
Heimilisfang:		Glerárgötu 30, 600 Akureyri		
Eldisfiskur/framleiðsluskráningar				
A1	Tegundir skv. rekstrarleyfi	X		
Framleiðsludagbók (viðauki 1):				
A2	- Skráningar inn í stöðuna	X		
A3	- Uppruna fiska í stöðunni	X		
A4	- Fj. og meðalfjöld fiska inn í stöðuna	X		
A5	- Flutningsstæki	X		
A6	- Skráningar í eldi	X		
A7	- Fj. og meðalfjöld fiska í eldisvenngu	X		
A8	- Afköllum fiska í eldisvenngu	X		
A9	- Magn og gerð fæðurs	X		
A10	- Lyfjagjöf og hjálphætt	X		
A11	- Bóluefningu	X		
A12	- Skráning ár stöð	X		
A13	- Fj. og meðalfjöld fiska út úr stöðunni	X		
A14	- Flutningsstæki og mótakandi	X		
Inna eftirlit				
Eftirlit með netpoka (viðauki 4)				
B1	- Mátökuefirlit	X		
B2	- Ofansjávarefirlit	X		
B3	- Neðansjávarefirlit	X		
B4	Eftirlitsveiður (viðauki 5)	X		
B5	Annad eftirlit (skv. 11 gr.)	X		
B6	Eyðubléð varðveitt (viðauki 1 og 10 gr.)	X		
Viðbragðsáætlun v/ slyssleppinga				
C1	Áætlun á eldisvæðinu (4 gr.)	X		
C2	Kynni starfsmönnum (viðauki 7)	X		
C3	Áætlun framfylgt (4 gr.)	X		
C4	Tilkynning á slyssleppingu (viðauki 2)	X		
Verklagsreglur				
D1	Flutningar á fiski (14 gr.)	X		
D2	Skipt um netpoka (viðauki 6)	X		
D3	Aðrar verklagsreglur (viðauki 6)	X		
Annad				
E1	Þjálfun starfsmanna (viðauki 7)			
E2	Sannpröfun (viðauki 8)	X		
E3	Geymsla á netpoka (viðauki 3)	X		
E4	Netpokar of hláðir gróðri/ásætu	X		
E5	Eru vísbendingar um árás afrenningja	X		
Búnaður og viðhald á sjókvíum				
G1	Búnaður uppfyllir kröfur (viðauki 3)	X		
G2	Handbók fyrir búnað (5 gr.)	X		
G3	Merking á eldisvæði (6 gr.)	X		
G4	Hlíf fyrir skrúfu báts (9 gr.)	X		
Skráningar á viðhaldi (8 gr.)				
G5	- Netpokar (feralskráning)	X		
G6	- Floteiningar	X		
G7	- Festingar	X		
G8	- Annar búnaður	X		
G9	Viðhald á netpoka innan 18 mána. (8 gr.)	X		
Astand sjókvía				
Ofansjávarefirlit eftirlitsmanns (við. 4)				
H1	- Hæða á höggneti	X		
H2	- Festing netpoka í floteiningu	X		
H3	- Astand floteiningu	X		
H4	- Önnig fjöldi löða í netpoka	X		
H5	- Slit eða gót á netpoka	X		
H6	- Astand festinga	X		
H7	- Viðhaldsáætlun	X		
H8	- Annad			
Neðansjávarefirlit eftirlitsmanns (við. 4)				
H9	- Göt á netpoka	X		
H10	- Slit á netpoka	X		
H11	- Önnig fjöldi á löðum	X		
H12	- Of stórir málvar á netpoka	X		
H13	- Astand festinga	X		
H14	- Astand floteiningar	X		
H15	- Viðhaldsáætlun	X		
H16	- Annad	X		
Búnaður og viðhald fyrir landeldi				
Búnaður til að fanga eldisfisk				
I1	- Búnaður í samræmi við rekstrarleyfi	X		
I2	- Astand búnaðar (13 gr.)	X		
I3	- Skráningar á viðhaldi (13 gr.)	X		
I4	- Skráningar á eftirliti (13 gr.)	X		

Dags. 16. 7. 2005 - *Sigrún Þórunn*
Eftirlitsmaður

Sigrún Þórunn
Förstöðumaður eldisstöðvar

Mynd 3. Úttekt Veiðimalstóra

19. Upplýsingar og forsendur

Þær upplýsingar, tölulegar og ótölulegar sem birtar eru hér í skýrslunni koma beint úr framleiðslustjórnunarkerfum fyrirtækisins (Farm Control), fóðurnotkun, dauðfisks o.s.frv. Upplýsingar um vatns og orkunotkun koma úr bókhaldi stöðvarstjóra

Sæsifur h.f. Mjóafirði, 2005

Simin Pauli Sivertsen
Frankvæmdastjóri

Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Sæsilfurs hf. um grænt bókhald fyrir árið 2004. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Sæsilfurs hf. um grænt bókhald á árinu 2004 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 21. júní 2005.

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.